

Breytingartillögur

við frv. til l. um sjúkratryggingar.

Frá meiri hluta heilbrigðisnefndar (ÁMöl, ÁÓÁ, PHB, ÁPÁ, RR, EBS).

1. Við 5. gr. Á eftir 4. tölul. 3. mgr. komi nýr töluliður, svohljóðandi: Að hafa eftirlit með gæðum og árangri starfsemi þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu samkvæmt samningum, sbr. IV. kafla.
2. Við 56. gr. Í stað orðanna „1. september 2008“ í 1. mgr. komi: 1. október 2008.
3. Við 57. gr.
 - a. Á eftir 1. tölul. komi fjórir nýir töluliðir sem verði 2.–5. tölul., svohljóðandi:
 2. Við 2. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sjúkratryggingastofnunin, sbr. lög um sjúkratryggingar, annast framkvæmd slysatrygginga samkvæmt lögum þessum.
 3. Á eftir orðunum „Tryggingastofnun ríkisins“ í 2. mgr. 8. gr., 3. mgr. 9. gr. og 1. másl. 3. mgr. 12. gr. laganna kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnunin.
 4. Á eftir orðunum „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. másl. 1. mgr. og 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnuninni.
 5. Á eftir orðunum „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. másl. 1. mgr., 1. másl. 2. mgr. og 3. mgr. 14. gr. laganna kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnuninni.
 - b. Á eftir 2. tölul., sem verði 6. tölul., komi nýr töluliður, 7. tölul., svohljóðandi: Í stað orðsins „Tryggingastofnunin“ í 1. másl. og lokamálslið 1. mgr. 28. gr. laganna og orðsins „Tryggingastofnunarinnar“ í 1. og 2. másl. sömu málsgreinar kemur: sjúkratryggingastofnunin; og: sjúkratryggingastofnunarinnar.
 - c. Á eftir 3. tölul., sem verði 8. tölul., komi þrír nýir töluliðir sem verði 9.–11. tölul., svohljóðandi:
 9. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 2. mgr. 33. gr. laganna kemur: Sjúkratryggingastofnuninni.
 10. Í stað orðsins „Tryggingastofnuninni“ í 1. másl. 5. mgr. 34. gr. laganna kemur: sjúkratryggingastofnuninni.
 11. Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:
 - a. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 2. mgr. kemur: Sjúkratryggingastofnunin.
 - b. Í stað orðsins „Tryggingastofnunar“ í 2. másl. 3. mgr. og orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ í lokamálslið sömu málsgreinar kemur: sjúkratryggingastofnunarinnar.
 - d. 4. og 5. tölul. verði 12. og 13. tölul.

- e. 6. tölul., sem verði 14. tölul., orðist svo: Eftirfarandi breytingar verða á 52. gr. laganna:
- a. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr.:
 1. Á eftir orðunum „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. másl. kemur: og sjúkra-tryggingastofnuninni.
 2. 2. másl. fellur brott.
 3. Á eftir orðunum „Tryggingastofnunar ríkisins“ í lokamálslið kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnunarinnar.
 4. Í stað orðanna „heimasíðu stofnunarinnar“ í lokamálslið kemur: heimasíðum stofnananna.
 - b. Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr.:
 1. Á eftir orðinu „Tryggingastofnun“ í 1., 3., 4. og 7. másl. kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnuninni.
 2. Á eftir 3. másl. kemur nýr málsliður sem orðast svo: Enn fremur er Tryggingastofnun og sjúkratryggingastofnuninni heimilt að skiptast á upplýsingum um mat á örorku og öðrum nauðsynlegum upplýsingum.
 - c. Á eftir orðinu „Tryggingastofnun“ í 1. og 2. másl. 3. mgr. kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnuninni; og: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnunin.
 - d. Á eftir orðunum „umboðsmenn hennar“ í 1. másl. 4. mgr. og orðunum „umboða hennar“ í 2. másl. sömu málsgreinar kemur: eða eftir atvikum starfsfólk sjúkratryggingastofnunarinnar; og: eða eftir atvikum starfsfólki sjúkratryggingastofnunarinnar.
 - e. Eftirfarandi breytingar verða á 5. mgr.:
 1. Í stað orðsins „tannlæknum“ í 1. másl. kemur: hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmönnum.
 2. Á eftir orðunum „Tryggingastofnunar ríkisins“ í 1. másl. kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnunarinnar.
 3. Á eftir orðinu „Tryggingastofnunar“ í 2. másl. kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnunarinnar.
 4. Í stað orðsins „tannlæknum“ í 2. másl. kemur: hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmönnum.
 - f. 7. og 8. tölul. verði 15. og 16. tölul.
 - g. Á eftir 8. tölul., sem verði 16. tölul., komi nýr töluliður, 17. tölul., svohljóðandi: Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:
 - a. Á eftir orðunum „umboð hennar“ í 1. másl. 1. mgr. og orðinu „Tryggingastofnun“ í 2. másl. sömu málsgreinar kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnunin.
 - b. Á eftir orðunum „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. og 3. másl. 4. mgr. kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnunin; og: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnuninni.
 - h. 9. tölul. verði 18. tölul. og orðist svo: Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna:
 - a. 3. másl. 1. mgr. fellur brott.
 - b. Á eftir orðinu „Tryggingastofnunin“ í 2. mgr. kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnunin.

- i. Á eftir 10. tölul., sem verði 19. tölul., komi nýr töluliður, 20. tölul., svohljóðandi: Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ í lokamálslið 2. mgr. 59. gr. laganna kemur: sjúkratryggingastofnunarinnar.
 - j. 11. tölul., sem verði 21. tölul., orðist svo: Eftirfarandi breytingar verða á 67. gr. laganna:
 - a. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. mgr. kemur: sjúkratryggingastofnuninni.
 - b. Í stað orðsins „Tryggingastofnun“ í 2. mgr. kemur: Sjúkratryggingastofnunin.
 - c. Í stað orðsins „Tryggingastofnun“ í 2. másl. 4. mgr. kemur: sjúkratryggingastofnuninni.
 - d. Í stað orðsins „Tryggingastofnunar“ í 5. mgr. kemur: sjúkratryggingastofnunarinnar.
 - e. Orðin „og 43.“ í 6. mgr. falla brott og í stað orðsins „Tryggingastofnunar“ í sömu málsgrein kemur: sjúkratryggingastofnunarinnar.
 - k. 12. tölul. verði 22. tölul. og orðist svo: 9. tölul. ákvæðis til bráðabirgða við löginn fellur brott.
4. Við 64. gr. B-liður 2. tölul. falli brott.
 5. Við ákvæði til bráðabirgða I. Á eftir orðunum „lög þessi“ í 1. másl. komi: IV. kafla laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.
 6. Við ákvæði til bráðabirgða II. Í stað orðanna „1. september 2008“ komi: 1. október 2008.
 7. Við ákvæði til bráðabirgða III. Á eftir orðunum „framkvæmd sjúkratrygginga“ komi: og slysatrygginga.